

Samningur um umsjón og rekstur Friðlands Svarfdæla í Svarfaðardal

1. gr.

Samningsaðilar.

Umhverfisstofnun, kt. 701002-2880 og Dalvíkurbyggð, kt. 620598-2089 gera með sér samning um umsjón og rekstur Friðlands Svarfdæla í Svarfaðardal í samræmi við 30. grein laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Friðlýsta svæðið er fuglafriðland.

2. gr.

Markmið samningsins.

Markmið samningsins er að umsjón og rekstur friðlandsins í Svarfaðardal sé í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999 og reglur hins friðlýsta svæðis í samræmi við auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum B nr. 443/1980.

3. gr.

Mörk verndarsvæðisins.

Mörk verndarsvæðis koma fram í hnittöflu og uppdrætti af svæðinu sem fylgja með þessum samningi.

4. gr.

Verndaráætlun.

Umhverfisstofnun í samstarfi við Dalvíkurbyggð, umsjónarnefnd friðlandsins og aðra hagsmunaaðila skal vinna að gerð verndaráætlunar fyrir hið friðlýsta svæði í samræmi við d lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

5. gr.

Umsjón og landvarsla.

Dalvíkurbyggð sér um daglega umsjón og rekstur friðlandsins. Málefnum sem upp kunna að koma og kalla á sérstakar ráðstafanir eða stjórnvaldsákvarðanir ber að vísa til Umhverfisstofnunar.

Landvörður skal uppfylla ákvæði 29. gr. laga um náttúruvernd, sbr. 1. gr. reglugerðar um landverði, nr. 61/1990.

6. gr.

Fræðsla.

Umhverfisstofnun, Dalvíkurbyggð og umsjónarnefnd friðlandsins hafa samstarf um útgáfu fræðsluefnis, svo sem bæklinga og skilta. Skilagerð á svæðinu skal vera í samræmi við Skiltahandbók Umhverfisstofnunar, Vatnajökulspjóðgarðs og Ferðamálastofu. Um skiptingu kostnaðar skal samið hverju sinni.

7. gr.

Mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir.

Öll mannvirkjagerð, jarðrask og önnur breyting á landi skal vera í samræmi við samþykktar skipulagsáætlanir, auglýsingu um friðlýsingu í Svarfaðardal nr. 443/1980 og

samþykktá verndaráætlun. Varðandi allar framkvæmdir á verndarsvæðinu ber að fylgja ákvæðum 38. gr. laga um náttúruvernd og ákvæðum friðlýsingar í Svarfaðardal.

8. gr.

Skipting kostnaðar.

Dalvíkurbyggð kostar laun og annan kostnað vegna daglegrar umsjónar og rekstrar í friðlandinu. Um skiptingu kostnaðar sérstakra verkefna skal samið hverju sinni.

9. gr.

Skýrslugerð.

Dalvíkurbyggð skal gefa Umhverfisstofnun skýrslu ár hvert um ástand, framkvæmdir og aðra starfsemi í friðlandinu. Skila skal skýrslu til Umhverfisstofnunar í lok hvers starfsárs. Í skýrslunni skal tilgreina ástand lands, fræðslu, umgengni, framkvæmdir og kostnað af þeim og annað sem kann að skipta máli varðandi friðlandið.

10. gr.

Umsjónarnefnd.

Sérstök umsjónarnefnd er með friðlandinu. Hlutverk hennar er að hafa yfirsýn um starfsemi og athafnir á svæðinu og vera ráðgefandi um málefni friðlandsins fyrir Umhverfisstofnun og Sveitarfélagið Dalvíkurbyggð. Umsjónarnefndin er skipuð þremur mönnum. Skulu Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar (AFE) og Dalvíkurbyggð tilnefna einn mann hvor, en Umhverfisstofnun hinn þriðja, og er hann formaður. Umsjónarnefndin skal funda minnst einu sinni á ári.

11. gr.

Eftirlit Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að umsjónar- og rekstraraðili uppfylli samningsskuldbindingar í samræmi við samning þennan, þær reglur sem gilda um náttúruverndarsvæðið, sbr. auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum, 30. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, og verndaráætlun.

12. gr.

Gildistími og gildistaka.

Gildistími samnings þessa fyrir friðlandið í Svarfaðardal er 5 ár frá undirritun og staðfestingu umhverfis- og auðlindaráðherra. Samningur þessi er í þremur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki og umhverfis- og auðlindaráðherra einu.

Samningurinn tekur gildi við staðfestingu umhverfis- og auðlindaráðherra.

13. gr.

Ákvæði um endurskoðun.

Hvor samningsaðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningi þessum hvenær sem er. Þó skal endurskoða samninginn eigi síðar en að 3 árum liðnum.

14. gr.

Meðferð ágreiningsmála.

Umhverfis- og auðlindaráðherra úrskurðar um ágreiningsmál varðandi samning þennan.

5.
Mm

Dalvík 21. febrúar 2014


F.h. Umhverfisstofnunar


Kristín Linda Arnadóttir
forstjóri  UMHVVERFISSTOFNUN

F.h. Dalvíkurbyggðar


Sigríður Inga Jónasdóttir
sveitarstjóri
Bæjarstjóri

Staðfesting umhverfis- og auðlindaráðherra


Sigurður Ingi Jóhannsson
ráðherra

Vottar:

Peppur Sigurbjörnsson 170762-2829
Þorunn E. Karlsdóttir 040634-3109

Hnitskrá fyrir mörk Friðlands Svarfdæla

Austan ár			
		Austur	Norður
PA-	1	523.283,2140	607.361,8816
PA-	2	521.936,9353	606.715,2874
PA-	3	521.728,7832	606.273,7334
PA-	4	521.744,4322	606.265,5177
PA-	5	521.690,3109	606.068,2236
PA-	6	521.653,2590	605.999,6451
PA-	7	521.586,7319	605.933,7573
PA-	8	521.537,0605	605.925,0868
PA-	9	521.459,7042	605.846,3973
PA-	10	521.389,5794	605.786,5912
PA-	11	521.298,2915	605.717,0227
PA-	12	521.212,8176	605.626,4712
PA-	13	521.158,6560	605.485,9893
PA-	14	521.148,5006	605.332,8134
PA-	15	521.019,8667	605.022,2300
PA-	16	521.087,5688	604.993,4566
PA-	17	521.015,7524	604.754,0079
PA-	18	520.883,3419	604.001,4890
PA-	19	520.801,0994	603.595,2109
PA-	20	520.642,9249	603.097,9435
PA-	21	520.559,5227	603.071,2161

Vestan ár			
		Austur	Norður
PA-	22	520.415,2601	602.915,4842
PA-	23	520.095,1924	603.057,5668
PA-	24	520.015,6834	602.976,7473
PA-	25	519.866,0021	602.824,5986
PA-	26	519.637,9471	602.869,8320
PA-	27	519.702,3725	603.061,5691
PA-	28	519.731,9468	603.229,2318
PA-	29	519.781,2019	603.366,8421
PA-	30	519.810,0772	603.510,5012
PA-	31	519.782,1147	603.680,7432
PA-	32	519.800,2081	604.335,3935
PA-	33	519.893,9645	604.659,4290
PA-	34	519.961,4316	604.823,4769
PA-	35	519.969,6876	604.887,8734
PA-	36	520.003,6061	604.959,7697
PA-	37	520.068,2418	605.027,9812
PA-	38	520.235,4912	605.161,7807
PA-	39	520.569,1755	605.339,5746
PA-	40	520.887,4540	605.877,4406

Vestan ár			
		Austur	Norður
PA-	41	520.659,6423	605.986,8232
PA-	42	520.663,1407	606.266,2459
PA-	43	520.631,3521	606.369,7625
PA-	44	520.618,3107	606.444,7510
PA-	45	520.564,5146	606.497,7320
PA-	46	520.475,6696	606.576,7959
PA-	47	520.527,0204	606.742,2595
PA-	48	520.580,6895	606.870,1077
PA-	49	520.680,6652	607.031,8210
PA-	50	520.953,4573	607.147,5939
PA-	51	521.058,9805	607.308,6790
PA-	52	521.274,8163	607.510,7769
PA-	53	521.277,8961	607.652,4323
PA-	54	521.312,6478	607.777,2426
PA-	55	521.360,3485	607.852,0833
PA-	56	521.399,0025	607.869,3542
PA-	57	521.457,6238	607.936,3109
PA-	58	521.804,4580	607.889,0924
PA-	59	521.850,8021	607.853,0970
PA-	60	521.932,4225	607.939,4969





2/3 4)